



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

Frá degi til dags

Hversdagsmálið í kenningum Heideggers og Wittgensteins

Ritgerð til BA-prófs í heimspeki

Gunnar Magnússon

Maí 2016

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Heimspeki

Frá degi til dags

Hversdagsmálið í kenningum Heideggers og Wittgensteins

Ritgerð til BA-prófs í heimspeki

Gunnar Magnússon

Kt.: 1212892109

Leiðbeinandi: Björn Þorsteinsson

Maí 2016

Ágrip

Árið 1927 kom út bókin *Vera og tími (Sein und Zeit)* eftir þýska heimspekinginn Martin Heidegger. Bókin átti eftir að hafa gríðarleg áhrif innan meginlandsheimspekinnar á 20. öldinni. Þar setur Heidegger fram heildstætt kerfi sem miðar að því að útskýra tilvist mannsins. Innan um tilvistarlegar þælingar hinnar fyrirbærafræðilegu verufræði leynist áhugaverð kenning um tungumálið.

Meginviðfangsefni þessarar ritgerðar er hversdagsmálið. Hversdagsmálið leikur mikilvægt en vanmetið hlutverk í *Veru og tíma* sem er sjaldnast lesin með heimspeki tungumálsins að leiðarljósi. Í þessari ritgerð eru hlutverk og forsendur hversdagmálsins í *Veru og tíma* skoðuð og borin saman við hlutverk hversdagmálsins hjá eiginlegum málspekingi, Ludwig Wittgenstein. Í fyrsta hlutanum er kenning Heideggers skoðuð í þeim tilgangi að skýra hlutverk hversdagmálsins innan kenningarinnar. Heidegger leggur áherslu á rof á milli notkunareiginleika verunnar og annarra eiginleika hennar. Þetta rof verður meðal annars fyrir tilstilli hversdagmálsins. Þetta verður til þess að tilvist þarverunnar verður óeiginleg sem leiðir að lokum til falls og firringar.

Í öðrum hlutanum er kenning Ludwigs Wittgenstein í *Philosophical Investigations* gerð skil. Ólíkt Heidegger leitar Wittgenstein til hversdagmálsins á þeim forsendum að til þess að tungumálið geti fengið merkingu verður að nota orðin í réttu samhengi. Rétt samhengi er að finna innan málleikja hversdagmálsins. Í þriðja hlutanum eru forsendur og hlutverk hversdagmálsins hjá Heidegger og Wittgenstein borin saman.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Fyrirbærafræðileg verufræði.....	3
2.1	Hættir veru	4
2.2	Þarveran.....	6
2.2.1	Þarveran sem möguleiki	7
2.2.2	Skilningur þarverunnar	7
2.3	Tilurð tungumálsins	9
2.4	Hversdagsleikinn.....	11
2.5	Fallið og firring þarverunnar	13
2.5.1	Leið þarverunnar úr falli og firringu	13
2.6	Hlutverk hversdagsmálsins í <i>Veru og tíma</i>	14
3	Wittgenstein og hversdagsmálið	16
3.1	Málleikir	17
3.2	Einkamálsrökin.....	18
3.3	Hlutverk hversdagsmálsins hjá Wittgenstein	19
4	Samanburður á Heidegger og Wittgenstein.....	23
4.1	Hversdagsmálið	25
5	Niðurstöður	27
6	Heimildaskrá.....	29

1 Inngangur

Í gegnum tíðina hefur verið litið á tungumálið sem þann eiginleika sem skilur manninn frá dýrunum. Þá kenningu má í reynd rekja alla leiðina aftur til Aristótelesar. Menn hafa því velt tungumálinu fyrir sér býsna lengi. Hægt er að skoða tungumálið út frá mörgum hliðum. Í málvísindum er tungumálið markvisst rannsakað út frá tæknilegri hlið þess auk þess sem það er notað bæði sem verkfæri og viðfangsefni skálda og rithöfunda. Þá er tungumálið einnig notað í lágstemmdari og venjulegri tilgangi, þ.e. sem verkfæri fólks til að tala hvert við annað í hverdagsleikanum, hvort sem það er um praktískt atriði eins og hvað skuli kaupa í búðinni eða til þess að segja misgóða brandara til að krydda hversdagsleikann.

Hversdagsmálið er því stór hluti af tilveru og tilvist mannsins. Í þessari ritgerð verður hversdagsmálið skoðað út frá kenningum Martins Heidegger í bókinni *Vera og tími* og þær kenningar bornar saman við kenningar Ludwigs Wittgenstein í bók hans *Heimspékilegar rannsóknir*. Markmiðið er að varpa ljósi á hlutverk hversdagsmálsins.

Heidegger og Wittgenstein hafa orðið fyrir valinu vegna þess hversu ólíkar kenningar þeirra virðast vera við fyrstu sýn. Almennt er ekki litið á Heidegger sem málspeking. Hann er frekar þekktur fyrir kenningar sínar í fyrirbærafærði og tilvistarstefnu. Til grundvallar þeim kenningum sem hann setur fram í *Vera og tíma* liggur áhugavert viðhorf til tungumálsins, nokkuð sem leiðir til afgerandi sýnar á hversdagmálið. Til að fá aðra sýn á hversdagsmálið hef ég valið að kynna til leiks eiginlegan málspeking, þ.e. Ludwig Wittgenstein. Í bók sinni *Heimspékilegar rannsóknir* setur hann fram áhugaverða kenningu sem er ætlað að útskýra gangverk tungumálsins. Jafnframt taldi hann sig knúinn til að taka fram að hann væri að fjalla um hversdagstungumálið. Þetta gerði hann til að forðast þá villu að búa til kenningu sem virkar aðeins innan hinnar háfleygu heimspeki en ekki í hinum raunverulega heimi.

Til þess að komast að hlutverki hversdagsmálsins í kenningum Heideggers og Wittgensteins er nauðsynlegt að setja það í samhengi. Þetta kallar á viðamikla útskýringu á kenningum þessara tveggja heimspekinga í framangreindum ritum áður en reynt verður að staðsetja hversdagstungumálið innan beggja kenninganna. Þetta er gert með það að markmiði að draga upp skýrari mynd af afstöðu þeirra beggja til hversdagsmálsins. Að lokum verða viðhorf þeirra borin saman og niðurstaða kynnt.

Þó við höfum vissulega öll umtalsverða þekkingu á hversdagsmálinu verður því hér á eftir leitast við að fjalla um hlutverk þess eins og það horfir við heimspekingunum Heidegger og Wittgenstein.

2 Fyribærafræðileg verufræði

Til þess að nálgast kenningu Heideggers um hversdagstungumálið í *Veru og tíma* þarf að útskýra heildarkenninguna í bókinni. Til að skilja heildarkenninguna er nauðsynlegt að skilja þá aðferð sem Heidegger beitir í ritinu og hvert markmiðið með henni er. Heidegger beitir rannsókn af toga fyribærafræðilegrar verufræði. Til að skilja þá rannsóknaraðferð þarf fyrst að útskýra hvað felst í hugtakinu verufræði. Verufræði má rekja til Aristótelesar¹. Heidegger gengur út frá þeirri kenningu Aristótelesar að eiginleikar séu vera efnisins.² Samkvæmt þeirri kenningu er verufræði rannsókn á eiginleikum verunnar en útskýrir ekki veruna sjálfa.³ Heidegger leggur ekki stund á rannsókn á eiginleikum heldur er markmið hans að rannsaka veruna eins og hún er áður en hún öðlast eiginleika. Samkvæmt þessu sjónarmiði er vera forsenda fyrir eiginleikum og er því hægt að kalla rannsókn á þessari forsendu eiginleikanna grundvallarverufræði.⁴

Til þess að komast að verunni í sinni berustu mynd verður að fara í gegnum þarveruna (þ. *Dasein*). Þessu veldur að þarveran er ekki eins og aðrar verur. Þarveran er eina veran sem gerir veruna sjálfa að vandamáli.⁵ Þessvegna mætti segja að ef hægt væri að skilja þarveruna eins og hún er þá er hægt að öðlast skilning á verunni sjálfri. Þetta er best að túlka á þann hátt að þarveran er sú vera sem skilur heiminn í kringum sig og einnig sú vera sem skilgreinir eiginleika út frá eitthverskonar grundvallarskilningi á verunni. Ef við getum skilið hæfileika þarverunnar þá getum við skilið grundvallarveruna.⁶

Hinn fyribærafræðilegi hluti þessara verufræðilegu rannsókna felst í því að geta skilið eiginleika þarverunnar án þess að falla í þá gryfju að skilja hana sem safn eiginleika eða jafnvel sem einn eiginleika. Til þess að skilja þarveruna þarf því fyribærafræðilega rannsókn sem felst í því að skilja þarveruna sem heildarfyrirbæri. Í *Veru og tíma* er fyribærafræði skýrð sem það „að láta það sem sýnir sig vera það sjálft frá sjálfu sér á sama hátt og það sýnir sig frá sjálfu sér“.⁷

¹ Aristotle, *Metaphysics*.

² Heidegger, *Being and Time*, 30.

³ Sama heimild, 31.

⁴ Sama heimild, 34.

⁵ Sama heimild, 68.

⁶ Sama heimild, 31.

⁷ Sama heimild, 58.

Til einföldunar má segja að fyrirbærafræði snúist um að sjá hlutina eins og þeir sýna sig í sjálfum sér. Þetta er best að skilja út frá fyrirbærafræðilegri nálgun Kants, þ.e. þeirri skoðun að aðeins sé hægt að sjá hlutinn eins og hann birtist okkur (*phenomena*) en ekki eins og hann er í sjálfum sér (*noumena*).⁸ Heidegger er vissulega að rannsaka hlutinn eins og hann birtist okkur en er jafnframt að gera tilraun til að færa sig nær hlutnum í sjálfum sér. Einnig felur þetta í sér að fyrirbærafræðileg rannsókn getur ekki verið rannsókn á fyrirbæri einu og sér heldur verður að nálgast fyrirbærið út frá því umhverfi og samhengi sem það þrífst í.

Nálgist menn verufræðina á fyrirbærafræðilegan hátt opnar það leið fyrir mun breiðari rannsókn á verunni en raunin er með aristótelískri nálgun. Þessu veldur meðal annars að til eru eiginleikar sem ekki er hægt að útskýra með hinni klassísku nálgun á veruna. Þó að hin klassíska leið útskýri vel veruleika eiginleika þeirra hluta sem hafa efni og kategoríska eiginleika (eiginleika eins og lit,þyngd,áferð,form) þá tekur hún ekki fyrir þá eiginleika sem eru ekki efnislegir. Sé óefnislegum eiginleikum bætt inn í verufræðina getur það leitt til breiðari skilnings á verunni. Forsenda þessa er að beitt sé fyrirbærafræðilegi nálgun. Þessi möguleiki á breiðari rannsókn verður til þess að Heidegger segir: „*Aðeins sem fyrirbærafræði verður verufræði möguleg.*“⁹

Af hverju verður fyrirbærafræðilega verufræðin breiðari en hefðbundin verufræði? Svárið liggur í tengslum hluta. Samkvæmt aristótelísku nálguninni hefur hlutur aðeins form og efni, þetta þýðir að hluturinn hefur eiginleika óháð öðrum hlutum. Tengsl þessa ákveðna hlutar við annan hlut eru óljós. En sé verufræðin stunduð á fyrirbærafræðilegan hátt er hægt að skoða tengslin á milli mismunandi vera sem ekki falla undir hið veraldlega.¹⁰ Þetta verður til þess að heimsmyndin verður að einni stórrí heild sem tengist en ekki samansafn ótengdra hluta. Dæmi um hluti sem falla utan ramma hinnar aristótelísku nálgunar eru tengsl mannsins við heiminn eða hvernig veran maður skilur umhverfi sitt og skynjar sig í heiminum.

2.1 Hættir veru

Þegar búið er að ryðja veginn fyrir opnari nálgun á veru í gegnum fyrirbærafræðina kemur í ljós að það eru þónokkur fyrirbæri sem ekki falla inni nálgun Aristótelesar. Samkvæmt Aristótelesi felst rannsókn á veru í því að skilgreina veruna út frá eiginleikum hennar. Þessir

⁸ Kant, *Critique of pure reason*, 267.

⁹ Heidegger, *Being and Time*, 60.

¹⁰ Sama heimild, 49.

eiginleikar eru skilgreindir út frá efni þar sem allir hlutir hafa form og undirstöðu (e. *substance*).¹¹ Verufræðileg rannsókn felst því í að útskýra form efnis og er þar að leiðandi alltaf bundin við hið efnislega. Vissulega er veran ennþá með þau einkenni sem hún var með í klassísku nálguninni en þau einkenni eru aðeins einn háttur verunnar (e. *mode of being*).¹² Heidegger notar kategorísku skilgreininguna á eiginleikum efnis í greiningu sinni og falla þeir undir háttinn vera-fyrir-hendi (þ. *Vorhandenheit*). Þessir eiginleikar felast allir í efninu sjálfu eða formi þess. Sem dæmi má nefna lit, áferð eða byggingarefni.¹³

Heidegger bætir tveimur háttum við. Annars vegar vera-við-höndina (þ. *Zuhandenheit*) og hins vegar þarvera (þ. *Dasein*). Vera-við-höndina er eiginleiki sem er háður umhverfi sínu og aðstæðum.¹⁴ Hamar er til dæmis háður því að til séu naglar, eitthvað til að negla í og að hann sé notaður til negla nagla í eitthvað. Vera-við-höndina felst í því að nota hlut í því hlutverki sem honum er ætlað. Til dæmis hefur hluturinn hamar það hlutverk að negla og sé hann notaður í þeim tilgangi er verið að nýta veru-við-hönd hamarsins. Vera-við-höndina er eiginleiki hlutar sem kemur aðeins fram í notkun hlutar en til þess að vera-við-höndina komi eiginlega (e. *authentic* þ. *eigentlich*) fram er hann ávallt falinn notandanum þar sem vera-við-höndina verður gagnsær eiginleiki, virki hann eins og hann á að virka.¹⁵ Þetta verður best skilið út frá því að virki eitthvað eins og það á að virka þá er það aðeins séð út frá virkninni. Maður sem tekur upp hamar er að að hamra og verður þá vera-við-hendi sem maðurinn er að nýta að eiginleika sem tilheyrir manninum: Hann er að hamra . Annað dæmi um verkfæri sem hverfur notandanum svo framlega sem þau virki eins og eru tildæmis klukkur. Uppfylli klukka tilgang sinn sem er að tjá tíman hverju sinni þá sér þarvera klukkuna aðeins í ljósi þessara veru-við-hendi hætti klukkan aftur á móti að virka þá hættir þarveran að sjá hana sem verkfæri til þess segja hvað tímanum líður og fer að sjá hana útfrá veru-fyrir-hendi(útlitseiginleikum). Uppfylli hamar þann tilgang sinn að negla þá er hann falinn þeim sem neglir á meðan hann neglir vegna þess að til þess að hamar geti neglt er hann háður þarverunni. Um leið og þarveran tekur upp hamarinn og byrjar að negla þá nýtir hún möguleika veru-við-hönd hamarsins og öðlast sjálf um leið veru-við-hönd hamarsins. Á mannamáli er hægt að orða þetta þannig að maðurinn (þarveran) neglir með hamrinum og að negla er þá vera-við-hönd

¹¹ Aristotle, *Metaphysics*.

¹² Heidegger, *Being and Time*, 71.

¹³ Sama heimild, 103.

¹⁴ Sama heimild, 97.

¹⁵ Sama heimild, 99.

hamarsins sem verður að veruleika fyrir tilstuðlan þarverunnar. Að þessu leyti eru vera-við-höndina og vera-fyrir-hendi frábrugðnar þar sem vera-fyrir-hendi liggur í eðli hlutarins, óháð utanaðkomandi áhrifum, en vera-við-höndina er aftur á móti háður aðkomu og notkun þarverunnar. Vera-við-hönd hlutar er virkjuð fyrir tilstuðlan þarverunnar en hlutur sem hefur veru-við-höndina fyrir þarveruna er verkfæri. Verkfæri er hlutur sem hefur ákveðið hlutverk sem hluti af stærra verkfæris eða samhengis verkfæra.¹⁶ Þetta þýðir að hlutur eins og brú er verkfæri fyrir þarveruna svo framarlega sem hún var byggð í þeim tilgangi að eitthver gæti farið yfir hana og það sé hennar vera-við-höndina.

2.2 Þarveran

Þarvera er lykilhugtak í kenningu Heideggers í *Veru og tíma*. Til að útskýra þarveru er best að byrja á útskýringum á orðinu sjálfu. Sé hugtakið *dasein* þýtt beint úr þýsku útleggst það sem þarvera því „da“ er þar og „sein“ er vera. Í þessu felst að þarveran er vera sem er alltaf viðstödd. Þarveruna má því skilja sem það fyrstu persónu sjónarhorn sem er alltaf viðstatt. Þarveru má skilja sem tilraun Heideggers til andsvars við einföldum verufræðilegum skýringum á eðli mannsins, sér í lagi þeirri skýringu að maðurinn sé bara efni með eiginleika sem í tilfelli Aristótelesar birtist sem sú skoðun að maðurinn sé talandi dýr og í tilfelli Descartes að maðurinn sé aðeins hugsandi hlutur.¹⁷ Þetta á einna helst við sem gagnrýni á *Hugleiðingar* Descartes. Þannig snýr Heidegger kenningu Descartes á haus, *cogito ergo sum* verður að *sum ergo cogito*¹⁸ Með öðrum orðum hafnar Heidegger því að hugsun sé forsenda fyrir veru og bendir á að tilvist verunnar sé forsenda hugsunar. Þarveran er samt ekki það sama og mannvera þar sem maðurinn getur uppfyllt skilyrði þarverunnar en það geta önnur lífsform mögulega líka gert.

Þarveran er alltaf hluti af heiminum eða vera-í-heiminum.¹⁹ Þessi punktur er mikilvægur hjá Heidegger vegna þess að með því að skilgreina þarveru sem órjúfanlegan part af heiminum verður þarveran að eiginleika í heiminum og verður ekki aðskilin frá heiminum eins og hjá Descartes.²⁰ Veran fær því heildrænt yfirbragð samtvinnnaðra hluta í stað þess að vera

¹⁶ Sama heimild, 97.

¹⁷ Sama heimild, 125.

¹⁸ Sama heimild, 133.

¹⁹ Sama heimild, 79.

²⁰ Sama heimild, 124.

samansafn ótengdra hluta. Af þessu leiðir að ég, sem þarvera, er til í heiminum og er hluti af heiminum áður en hann verður skilgreindur frekar.

2.2.1 Þarveran sem möguleiki

Það þarf alltaf að skilja þarveru út frá möguleika. Þessu veldur að möguleikinn er sá eiginleiki sem skilgreinir þarveru á sama hátt og vera-fyrir-hendi skilgreinir efnislega hluti. Heidegger skilgreinir eðli þarverunnar á eftirfarandi hátt: „Þarveran ákvarðar alltaf sjálfa sig sem afmarkaða veru í ljósi þeirra möguleika sem hún sjálf, í sinni eigin veru, skilur á einhvern hátt.“²¹

Út frá þessu hægt að segja að eðli þarveru sé tvíþætt, annars vegar skilningur á möguleika verunnar út frá sjálfri sér og hins vegar vera í ljósi möguleika. Aðrir eiginleikar þarveru eru greindir út frá þessum eiginleika.

Möguleiki þarverunnar felur meðal annars í sér að hún getur valið eiginlega tilvist eða óeiginlega. Þetta val gefur í skyn að þarveran geti tekið afstöðu til eigin veru. Þetta felur í sér að þarveran getur gert heiminn skiljanlegan út frá sjálfri sér. Þessi mögulegi skilningur felst líka í því að allir eiginleikar í heiminum sem eru yfirhöfuð aðgengilegir eru aðgengilegir þarverunni. Vegna þessa aðgengis þarverunnar getur hún skilið aðrar verur sem verur með veru-fyrir-hendi eða í gegnum notkun á öðrum verum og öðlast þannig veru-við-hönd annarra verkfæra og þar með skilning á veru-við-hönd hluta gegnum notkun þeirra. Þarveran getur einnig íhugað og skilið eigin tilvist. Þessi möguleiki gerir þarveruna frábrugðna öðrum verum. Þetta er einnig ástæðan fyrir því að Heidegger leitast við að skilja fyrirbæri verunnar út frá þarverunni. Með öðrum orðum mætti segja að þarveran sé það fyrirbæri sem nemur önnur fyrirbæri og túlkar þau. Með því að skilja hvernig þarveran skilur önnur fyrirbæri er hægt að komast að grundvallarveru þeirra og þar með grundvelli verunnar sem heildar.

2.2.2 Skilningur þarverunnar

Möguleiki þarverunnar á skilningi er meðfæddur eiginleiki. Þarveran nýtir sér þennan eiginleika með svokallaðri fyrirætlun (þ. *Entwurf*). Í því felst að þarveran getur ekki verið til án þess að stefna að markmiði. Með öðrum orðum mætti segja að þarveran sé alltaf með eitthvað markmið sem hún stefnir að svo framarlega sem hún er til. Áður en lengra er haldið er vert að

²¹ Sama heimild, 69. „In determining itself as an entity, Dasein always does so in the light of a possibility which it is itself and which, in its very being, it somehow understands.“

taka fram að fyrirætlun er ekki skipuleg markmiðasetning þarverunnar heldur óhjákvæmileg markmiðasetning þarverunnar sökum tilvistar hennar. Fyrirætlun er sú leið sem þarveran notar til að ýta sér í átt að möguleika. Fyrirætlunin veldur því að þarveran er alltaf að ýta sér í átt að möguleika.²²

Auðveldast er að skilja fyrirætlun út frá veru-við-hendi og hamrinum títnefnda. Allt í heiminum er við hendi þarverunnar, hún getur notað allt í heiminum svo framarlega sem það er aðgengilegt. Það dugur þó ekki að nýta sér þessa notkunarmöguleika heldur verður þarveran að hafa markmið með athöfnum sínum. Hún tekur til dæmis ekki hamarinn upp bara til að upplifa hamarleika hamarsins af þeirri ástæðu einni að hún getur það. Þvert á móti tekur þarveran hamarinn upp til að t.d. negla nagla í vegg eða til lemja einhvern í hausinn. Báðir hafa þessir möguleikar það sameiginlegt að vera framkvæmdir í þágu annarrar fyrirætlunar en einfaldlega að hamra. Nagli kann að vera negldur í vegg til þess að hægt sé að hengja eitthvað á vegginn. Einhver er laminn í höfuðið með hamri til að valda viðkomandi skaða, ekki gott markmið en markmið engu síður.

En hvernig öðlast þarveran skilning með því einfaldlega að vera alltaf með markmið? Svárið liggur í því að ef þarveran er alltaf að vinna í átt að markmiðum þá er hún alltaf að nýta sér veru-við-hendi annarra hluta og lærir þar af leiðandi hvernig á að nota hluti í heiminum og um leið hvernig heimurinn virkar. Af þessu má draga þá ályktun að þarveran sé alltaf að nýta sér möguleika-á-veru á einn eða annan hátt og öðlast þar með skilning á heiminum. Þess vegna talar Heidegger um að skilningurinn afhjúpi heims-veruna fyrir þarverunni .

Það er vert að taka fram að Heidegger skilgreinir skilning sem hæfni til að skilja. Sú hæfni til að skilja gerir það að verkum að skilningur hefur fyrirfram-uppbyggingu, það er að segja skilningur er alltaf föst breyta þegar honum er beitt. Skilningurinn er föst breyta af því leyti að hann endurspeglar alltaf fyrri reynslu. Fyrirfram-uppbygging skilnings er falinn í því að til þess að geta skilið eitthvað þarf ég að skilja það fyrirfram.²³ Einstaklingur getur til dæmis skilið hvað fugl er en ekki vitað hvað kría er. Með því að tengja saman skilninginn á hugtakinu fugl og kría þá er hægt að skilja að kría sé fugl. Skilningur á orðinu kría er því háður því að einstaklingur viti fyrirfram hvað fugl er.

²² Sama heimild, 185.

²³ Sama heimild, 193.

Skilningurinn er háður túlkun þarverunnar á orðinu notkun. Skilningurinn kemur til vegna túlkunnar þarverunnar. Túlkun gefur viðfangsefninu merkingu en merking er að gera eitthvað þekktanlegt sem eitthvað.²⁴ Samt sem áður reiðir túlkun sig á fyrirfram-uppbyggingu skilnings.

Gott er að skilja þetta út frá eftirfarandi dæmi. Ég get sett mér markmið, t.d. að hengja mynd upp á vegg. Til að ná markmiðinu þarf ég að íhuga hvernig það verður best framkvæmt. Markmiðssetningin hefur skapað ákveðið vandamál sem ég þarf að leysa. Til þess þarf ég að byggja á reynslunni og íhuga þau skipti sem ég hef áður hengt upp mynd. Hér reynir einnig á túlkun. Túlka þarf mögulega leið að markmiðinu út frá reynslunni. Í eitt skipti notaði ég kennaratyggjó með góðum árangri. Í annað skipti notaði ég hamar til að negla nagla í vegg og hengdi myndina svo á naglann. Í þriðja skiptið ætlaði ég að vera sniðugur og notaði naglabyssu til að negla myndina við vegginn með miður góðum árangri. Ég túlka bestu leið að markmiðinu út frá reynslunni og tek ákvörðun. Leiðin sem ég vel er ekkert endilega sú skilvirkasta en engu að síður tel ég að hún sé best. Því næst framkvæmi ég þá leið sem ég ákvað. Sú athöfn fer svo í reynslubankann og hefur áhrif á það hvað ég tel í framtíðinni að sé besta leiðin að markmiðinu. Þetta er svokallaður túlkunarhringur Heideggers. Skilningurinn hefur áhrif á túlkunina og túlkunin hefur áhrif á skilninginn. Þetta verður þess valdandi að skilningurinn fær fyrirfram-uppbyggingu. Þetta þýðir að undangengnar túlkanir mynda rökrétta skoðun á því sem við teljum vera réttast, skynsamlegast eða best að gera. Þessi rökrétta skoðun verður síðan fordæmi fyrir því hvernig sé best að túlka eitthvað í framtíðinni.

2.3 Tilurð tungumálsins

Skilingur þarverunnar fellst í fyrirfram-uppbyggingu þess sem hún hefur túlkað. Þarveran túlkar svo viðfangsefni sitt í samræmi við skilning til að komast að niðurstöðu. Þetta útskýrir þó ekki af hverju þarveran tjáir sig og hvernig. Til að útskýra tenginguna á milli túlkunarinnar og tungumálsins kynnir Heidegger til sögunnar fullyrðingar. Hann skilgreinir fullyrðingu sem “Ábendingu sem gefur einhverju ákveðin einkenni og sem það tjáir”.²⁵ Þetta felur í sér þrjú mismunandi skilyrði fyrir fullyrðingu sem saman mynda heildarfyrirbæri fullyrðinga sem er skýrt hér að ofan.

Þessi skilyrði eru eftirfarandi:

²⁴ Sama heimild.

²⁵ Sama heimild, 199. „A pointing-out which gives something a definite character and which communicates.“

1. Ábending (e. *pointing out* þ. *Aufzeigen*), þ.e. að benda á eitthvað og segja „þetta“ til að beina athygli að því sem fullyrðingin varðar.²⁶
2. Lýsing (e. *predication* þ. *prädikation*), „viðfangi er gefið ákveðin einkenni með lýsingunni“.²⁷ „þetta“ fær ákveðin einkenni, til dæmis með því að gefa „þessu“ einkennið rauður og segja „þetta er rautt“.
3. Tjáning (e. *communication* þ. *Mitteilung*). Til að eitthvað verði að fullyrðingu þarf að deila henni með öðrum, að öðrum kosti er það ekki fullyrðing.²⁸

Til að eitthvað sé fullyrðing þarf það að uppfylla öll þessi skilyrði.

Hvernig tengist þessi skilgreining á fullyrðingu túlkun? Því er til að svara að fullyrðingar eru afleiðingar túlkunar. Til að skilja þetta þarf að fara aftur í gangverk túlkunar. Túlkun byggir á skilningi sem aftur byggir á túlkun. Þegar ég tek upp hamarinn og negli nagla í vegg þá öðlast ég skilning á hamrinum í gegnum veru-við-hönd hamarsins í gegnum notkun hans. Til þess að túlka þessa reynslu mína svo hún sé mér skiljanleg set ég hugtak á þessa veru-við-hönd sem er vera-fyrir-hendi, til dæmis hömrungargeta hamarsins. Fyrir tilstuðlan túlkunar á því að negli nagla í vegg með hamri hefur þarveran náð að skilja veru-við-höndina sem veru-fyrir-hendi fyrir tilstuðlan fullyrðingar. Hér er lykilatriðið að við erum með reynslu af veru-við-höndina þó að hún sé skilin sem vera-fyrir-hendi. Þessi tengsl á milli veru-við-höndina og veru-fyrir-hendi eru grundvöllurinn fyrir eiginlegri veru tungumálsins. Besta dæmi um þessi tengsl á milli veru-fyrir-hendi og veru-við-hönd er hamarinn góða. Ef við ímyndum okkur tvo einstaklinga. Annar er smiður og notar hamarinn daglega og hefur því viðmikla reynslu af hamrinum og hlutverki hans ásamt að vera með góð skilning á hugtakinu hamar. Hinn einstaklingurinn er bókasafn fræðingur sem hefur aldrei haldið á hamri en hefur séð hamra og jafnvel lesið sér til um hlutverk þeirra. Samt sem áður hefur bókasafnsfræðingurinn enga reynslu af veru-við-hendi hamarsins

Uppbygging tungumálsins er ekki aðeins háð fullyrðingum skilningsins heldur einnig svokallaðri aðstæðutilfinningu.

Aðstæðutilfinning þarverunnar er mikilvægt hugtak í uppbyggingu kenningar Heideggers um skilning. Ólíkt skilningnum og öðrum eiginleikum þarverunnar er aðstæðutilfinning alltaf til

²⁶ Sama heimild, 196.

²⁷ Sama heimild.

²⁸ Sama heimild, 197.

staðar og er einfaldlega hluti af tilvist þarverunnar. Sé aðstæðutilfinning ekki til staðar er þarveran ekki til staðar. Best er að skilja aðstæðutilfinningu sem grunnástand tilfinninga. Í heimspekilegri umfjöllun hefur oft verið litið á tilfinningar sem órökrétt mótvægi skynseminnar. Heidegger lítur hins vegar á þetta tilfinningalega hugarástand sem hluta af þarverunni. Hann gengur svo langt að segja að aðstæðutilfinningin sé áhrifavaldur eða drifkraftur þarverunnar.²⁹ Aðstæðutilfinningin er drifkraftur þarverunnar þar sem þarveran hegðar sér í samræmi við aðstæðutilfinninguna.

Heidegger telur að tungumálið byggi bæði á aðstæðutilfinningu og skilningi þarverunnar þar sem tjáskipti geti ekki farið fram nema skilningur á merkingu orðanna sé fyrir hendi.³⁰ Þetta þýðir að til þess að tveir einstaklingar geti talað saman þurfa þeir fyrirfram að hafa skilning á merkingu orðana.

Afstæðutilfinning er alltaf hluti af þarverunni og litar tjáningu þarverunnar á þeim verum eða hlutum sem hún vill greina frá. Tjáningin er ekki eina form tungumálsins enda væri ekki forsenda fyrir tjáningu ef enginn væri til að meðtaka og skilja það sem verið er að tjá. Þessvegna er það að hlusta alveg jafn mikilvægt í tjáningu og tjáningin sjálf. Áheyrnin hvílir á sömu forsendum og tjáningin, það er að segja á skilningi og viðveru. Af þessu mætti draga þá ályktun að tungumálið í *Veru og tíma* sé forsenda fyrir skilningi þarverunnar og umgengni við heims-veruna. Þetta sjónarmið á vissulega rétt á sér en sá galli er á því að til þess að hafa þennan beina aðgang að heims-verunni þarf þarveran að tjá sig og umgangast heiminn á eiginlegum forsendum. Til þess að þarveran geti nálgast nokkurn hlut á eiginlegum forsendum þarf hún að losa sig úr *das Man*.

2.4 Hversdagsleikinn

Das Man er þarvera eins og hún birtist í hversdagsleikanum. *Das Man* er hægt að hugsa sér sem einskona samfélagslegt yfirsjálf sem er órjúfanlegur partur af þarverunni. Þó að þarveran sé alltaf hluti af *das Man* hefur hún þó möguleika á að losa sig undan því að einhverju marki. Þá verður hún eiginleg að hluta, en þó aldrei alveg, þar sem „*das Man* mælir fyrir um hugarástand hvers og eins og sker úr um hvað og hvernig hver og einn 'sér'“. ³¹ Sé þetta haft til hliðsjónar má skýra *das Man* sem venjubundinn hugsunarhátt sem lætur okkur svörin í té

²⁹ Sama heimild, 205.

³⁰ Sama heimild, 203.

³¹ Sama heimild, 213. „The “they” prescribe one’s state-of-mind, and determines what and how one sees.“

og við tökum þeim sem sönnum. Þetta getur aftur á móti leitt til þess að við fáum rangar upplýsingar sem standast ekki skoðun en eru samt sem áður viðteknar. *Das Man* stuðlar að því að þarveran fellur frá möguleika sínum til veru-í-heiminum og festist í viðjum hversdagsleikans.

Heidegger nefnir þrjár leiðir fyrir þarveru til þess að falla frá möguleika-til-veru:

1. Þvaður (þ. *das Gerede*)³²
2. Nýjungagirni (þ. *die Neugier*)³³
3. Tvíræðni (þ. *die Zweideutigkeit*)³⁴

Þessar þrjár leiðir eru allar hluti af *das Man* og mætti líta á þær sem verkfæri *das Man* til að halda þarverunni óeiginlegri. Þvaður til er til dæmis tjáskipti sem leitast ekki við að skýra nein fyrirbæri heldur eru aðeins til tjáskiptanna vegna. Slíkt stuðlar að falli þarverunnar með því að trufla skilningsferli hennar og bjaga skilning hennar á heiminum og um leið veru hennar í heiminum. Þvaðrið virðist snúast um raunveruleg fyrirbæri en er í raun ekki byggt á þeim. Sé skilyrðum þvaðurs fylgt getur hver sem er tjáð sig um hvað sem hann vill án þess að hafa nokkurt vit á því eða reynslu. Þetta verður til þess að orðin sem eiga að vera vera-fyrir-hendi með tengingu við veru-við-hönd missa tengingu sína við veru-við-höndina. Dæmi um þvaður er slúður. Slúður byggir ekki á staðreyndum. Í raun eru staðreyndir aðeins aukaatriði þegar kemur að slúðri. Slúðrið snýst aftur á móti um tjáskiptin sem eiga sér stað eða samræðurnar.

Nýjungagirni er annar þáttur hversdagsleikans. Nýjungagirni fangar sýn þarverunnar og gerir hana að óvirkum áhorfanda í heims-verunni. Því má segja að nýjungagirnin grípi athygli þarverunnar og beini henni í átt að hlutum sem skipta ekki máli fyrir hana. Þarveran sér ekki lengur heiminn í ljósi veru-við-höndina heldur aðeins í ljósi veru-fyrir-hendi. Því getur þarveran ekki öðlast djúpan skilning á heiminum í gegnum veru-við-höndina með því að skilja hann heldur situr þarveran aðeins uppi með veru-fyrir-hendi. Þetta má skilja sem svo að þarveran horfir á hlut til að skilja veru-við-höndina en situr aðeins eftir með veru-fyrir-hendi. Þetta er eins og að reyna að skilja hvernig hús verður til með því einu að sitja á næstu þúfu og stara tímunum saman á húsið í þeirri von sé hægt að skilja tilurð þess.

³² Sama heimild, 211.

³³ Sama heimild, 214.

³⁴ Sama heimild, 217.

Þriðji þáttur hversdagleikans er tvíræðni. Tvíræðni er samspil nýjungagirni og þvaðurs. Tvíræðnin heldur þarverunni frá möguleika-til-veru með því að setja fram möguleika sem virðast vera möguleika-til-veru en eru í raun aðeins leið til að halda þarverunni upptekinni af möguleika sem er ekki möguleiki-til-veru. Tvíræðni er til þess gerð að má út tengsl þarverunnar við möguleika sinn til veru og þar með skerða tengsl þarverunnar við heiminn. Tvíræðnin gerir það að verkum að þarveran er óskýrt til staðar innan heimsins sem veldur því að hún nærast á þeirri tásýn sem birtist henni. Þessi tásýn heldur þarverunni upptekinni því í henni virðist allt vera að gerast en í raun er ekkert að gerast.³⁵ Tásýnin samanstendur af þessum þremur þáttum hversdagsleikans og saman mynda þeir einskonar falsveru sem heldur þarverunni upptekinni. Þessi falsvera er ekki einhverskonar samsæri eða illur andi í anda Descarte, heldur er hún hluti af *das Man* og þar með hluti af veru þarverunnar.

2.5 Fallið og furring þarverunnar

Heidegger gengur lengra en svo að segja að þarveran sé aðeins fallin frá eigin möguleika-til-veru í hversdagsleikanum. Hann gengur svo langt að segja að hún sé beinlínis firrt. Þetta er vegna þess að upphaflega er þarverunni varpað inn í heiminn. Þetta þýðir að þarverunni er hent inn í tilvistaraðstæður sínar án þess að hún hafi nokkuð um það segja og þess vegna er eðlilegasta aðstæðutilfinning hennar angist. Til að takast á við angistina leitar þarvera í þægilegri aðstæður sem draga úr angist hennar. Það er bæði freistandi og seiðandi fyrir þarveruna að leita í þesskonar aðstæður sem eru í hversdagsleikanum. Þegar þarveran hefur fallið inn í þessar aðstæður frá eigin möguleika-til-veru er hún orðin firrt frá möguleika-til-veru. Þetta veldur því að hún er ekki lengur meðvituð um möguleika sinn til veru.

2.5.1 Leið þarverunnar úr falli og furringu

Ef þarveran er fallin og jafnvel firrt í hversdagsleikanum þá er ekki augljóst hvernig er hægt að leiðrétta þá villu. Heidegger telur sig hafa svar við því. Þar sem þarveran þarf óhjákvæmilega að vera að eitthverju leyti í *das Man* og lifa í hversdagsleikanum þá er ekki mögulegt að stíga algjörlega út úr fallinu. Það myndi þýða að stíga út úr mannlegu samfélagi og segja skilið við hugmyndir þess. Það væri hvorki skynsamlegt né mögulegt. Heidegger leggur til að taka eiginlega afstöðu til eigin tilvistar með umhyggju. Umhyggjan hefur hér ekki sömu þýðingu fyrir Heidegger og gildir almennt í íslensku máli þar sem það vísar til hlýju, væntumþykju eða

³⁵ Sama heimild, 219.

einhverskonar tjáningu á ástúð. Umhyggja hjá Heidegger er mun breiðara hugtak, og þýðir í raun að láta sig málið varða, andstætt því að vera alveg sama. En hvernig nær þarveran að komast út úr fallinu með umhyggjunni einni saman? Þar sem þarveran hefur þann möguleika að geta gert eigin tilvist og tilvist annarra vera að vandamáli fyrir sjálfa sig³⁶ þá á þarveran að láta sig þessi vandamál varða og reyna að nálgast þau á eigin forsendum. Til einföldunar mætti segja að þarverunni eigi að vera umhugað um tilvistarskilyrði sín og reyna að leysa vandamál þessara tilvistarskilyrða með eigin athöfnum og öðlast þannig eiginlegan skilning (sjá kafla 2.3. Tilurð tungmálsins). Til einföldunar má segja að þarveran eigi að hlusta á sjálfa sig og standa með sjálfri sér í stað þess að láta aðra segja sér hvað hún eigi að gera.

2.6 Hlutverk hversdagsmálsins í *Veru og tíma*

Nú þegar kenningu Heideggers í *Veru og tíma* hafa verið gerð skil þá er um að gera að taka fyrir þá spurningu sem lagt var upp með, þ.e. hvaða hlutverki gegnir hversdagstungumálið í heimspeki Heideggers? Svárið er að í tungumálinu er falinn möguleiki-fyrir-veru fyrir þarveruna í formi skilnings. En fyrir þær sakir að þvaður venjubindur merkingu orðana og krefst þess ekki að forsenda sé fyrir merkingu orða, þá missir tungumálið eiginlega merkingu sína og verður merkingarlaust. Þetta má líka sjá út frá hugtökum Heideggers þar sem orð hafa í flestum tilvikum veru-fyrir-hendi sem tengist veru-við-höndina. Fyrir tilstuðlan þvaðursins eða hversdagstungumálsins rofnar þessi tenging og orðin hafa þaðan í frá aðeins veru-fyrir-hendi. Þessu veldur að í hversdagstungumálinu er okkur gefin merking orða, við þurfum ekki að leggja okkur fram við að skilja þau sjálf. Við fáum einfaldlega skilgreiningu sem við verðum bara að treysta. Hér má nefna sem dæmi orðið „frægur“ sem við getum flett upp í orðabók og fengið eftirfarandi skilgreiningu: „Víðkunnur (að góðu, fyrir afrek)“.³⁷ Við lítum á þessa skilgreiningu sem skilning og notum hana í hversdagslegu samhengi án þess þó endilega að hafa einhverja reynslu af því að vera fræg eða höfum mögulega aldrei hitt nokkurn sem telst vera frægur. Fyrir tilstuðlan túlkunarhringsins verður þetta hugtak samt sem áður hluti af skilningi okkar. Skilningurinn verður því ótengdur verunni sjálfri og liggur einungis í tungumálinu. Málin flækjast enn frekar ef við tökum *das Man* inn í dæmið. Þessu veldur að við lærum tungumálið upphaflega í gegnum *das Man*, þ.e. í gegnum hversdagsmálið. Því grundvallast tungumálið á skilningi að hætti *das Man*. Þetta þýðir að tungumálið sem slíkt verður að ónothæfu verkfæri

³⁶ Sama heimild, 69.

³⁷ Íslensk orðabók.

í glímu okkar við veruna þar sem skilningur þess grundvallast ekki á verunni né á okkar skilningi á verunni heldur einungis á skilningi *das Man*.

Þetta má útskýra með hugtökum sem krefjast reynslu svo hægt sé að skilja þau. Til dæmis má nefna einstaklingsbundar upplifanir á innri tilfinningum. Dæmi um slíkar tilfinningar væru ást, hamingja, sársauki, lamandi kvíði, alsæla og innblástur svo nokkrar séu nefndar. Ef við viljum taka eina sérstaklega fyrir og útskýra hvernig *das Man*-skilningurinn nær ekki yfir einstaklingsupplifun þeirrar tilfinningar er nærtækast að taka rómantíska ást.

Das Man-skilningurinn á rómantískri ást væri klisjukennd staðalímynd sem sett er fram í rómantískri gamanmynd. Strákur hittir stelpu, þau hrífast hvort að öðru, verða ástfangin, giftast og lifa hamingjusöm til æviloka. Taka verður fram þetta er þröngsýn einföldun á staðalímynd rómantískra gamanmynda en samt sem áður flýgur þessi skilgreining höfundu í hug þegar spurt er „hvað er ást?“ vegna þess að áður en persónuleg reynsla var til staðar á rómantískri ást þá var kominn inn skilgreining á hugtakinu ást sem var eitthvað í þessa veru. Eftir að hafa öðlast persónulega reynslu af rómantískri ást vísa allar skilgreiningar í þá reynslu og þó að skilningur annarra sé mögulega frábrugðinn vegna eigin reynslu þeirra þá hættir fólki samt til að grípa til þessarar staðalímyndar-skilgreiningar til að annað fólk skilji hvað það er að segja. Þetta verður í raun ekki vandamál svo framarlega sem fólk notar eigin skilgreiningar sem vísa til eigin reynslu en hættan er sú að til auðvelda tjáskipti og mynda eitthverskonar sameiginlegan samræðugrundvöll þá sé eiginlegum skilgreiningum hent út fyrir staðalskilgreiningarnar. Staðalskilgreiningin hefur því tilgang en verður líka til þess að hugtakið missir tengingu sína við veruna, þ.e. hugtakið rómantísk ást er ekki skilgreint út frá eigin reynslu heldur aðeins út frá staðalímynd.

3 Wittgenstein og hversdagsmálið

Í þessum hluta ritgerðarinnar verður kynnt til sögu annað viðhorf til hversdagsmálsins, þ.e. viðhorf Ludwigs Wittgenstein sem hann setti fram í bók sinni *Heimspékilegar rannsóknir*. Þetta viðhorf Wittgensteins er nokkuð frábrugðið viðhorfi Heideggers. Í stað þess að sjá hversdagsmálið sem slæman áhrifavald leitar Wittgenstein í hversdagsmálið í þeirri von að geta skýrt tungumálið.³⁸ Setja verður þann varann á að Wittgenstein er umhugað um tengsl mannsins við tungumálið en ekki um fyrirbæri verunnar og tengsl þeirra eins og í tilfalli Heideggers. Wittgenstein er því einungis að einbeita sér að tungumálinu í riti sínu og hlutverki þess og áhrifum fyrir manninn. Í *Heimspékilegum rannsóknum* setur Wittgenstein fram áhugaverða kenningu um gerð tungumálsins og gangverk þess. Eins og Heidegger leitar hann í hversdagstungumálið en þó ekki til að blekkja nokkurn heldur til þess að skýra tungumálið og losa það frá hinu heimspékilega.³⁹ Til þess að skilja þátt hversdagstungumálsins í kenningu Wittgensteins er nauðsynlegt að rekja þá kenningu sem hann setur fram í *Heimspékilegum rannsóknum*.

Í *Heimspékilegum rannsóknum* tekur Ludwig Wittgenstein skarpa beygju frá fyrra viðhorfi sínu til tungumálsins. Fyrra viðhorf hans, sem hann setti fram í *Tractatus Logico-Philosophicus*, fólst í því að merkingarbært tungumál væri það tungumál sem gæti vísað í stöðu mála (e. *state of affairs*) á rökréttan hátt. Rökgildi rökfærslanna var svo metið með því að láta það gangast undir ákveðna rök sönnunn sem felst í því að setja rökfærsluna upp í sanntöflu sem úrskurðar svo hvort rökfærslan og þar með tungumálið sé merkingarbært eður ei. Þetta leiðir af sér mjög þröngt viðhorf til merkingarbærs tungumáls. Í því viðhorfi felst að til að eitthvað geti talist merkingarbær staðhæfing eða hugtak þarf það að vísa til eitthvers sem er ápreifanlegt í heiminum. Þannig verða ápreifanlegir hlutir veruleikans merkingarbærir, t.d. steinn eða tré, en hlutir sem ekki er hægt að vísa til í stöðu mála ómerkingarbærir, t.d. hugtök eins og trú og siðferði. (Lecture on ethics) Í *Heimspékilegum rannsóknum* tekur Wittgensteins sig aftur á móti til og reynir að leiðrétta villu síns vegar og jafnvel gagnrýna sitt fyrra viðhorf og setur um leið fram nýja kenningu um tungumálið. Sú kenning er mun viðameiri og útskýrir stærri hluta tungumálsins en gert var í *Tractatus Logico-Philosophicus*.

³⁸ Wittgenstein, *Philosophical Investigations*, 49.

³⁹ Wittgenstein, *Philosophical Investigations*.

3.1 Málleikir

Meginspurningin í *Heimspékilegum rannsóknum* er: Hvað er merking og hvernig öðlast tungumálið merkingu? Einfalda svarið sem Wittgenstein gefur er að merkingin er háð reglum og samhengi orðanna við reglurnar og kemur merking fram með notkun orðanna samkvæmt þessum reglum. Merking orðanna eru þar af leiðandi háð svoköllaðum samhengisbundnum skilgreiningum og þessar samhengisbundnu skilgreiningar gefur orðunum merkingu.⁴⁰

Samhengisbundin skilgreining í samræmi við reglurnar kemur með notkun orðanna í svokölluðum málleikjum. Málleikur er athöfn eða röð athafna sem er notuð til að miðla tungumálinu. Hver málleikur hefur sínar reglur og fá orðin merkingu í samræmi við þessar reglur. Wittgenstein notar líkinguna við leiki þar sem mismunandi málleikir hafa mismunandi reglur rétt eins og mismunandi leikir hafa mismunandi reglur. Sem dæmi mætti nefna að skák hefur sínar reglur en fótbolti aðrar.⁴¹

Málleikir tengjast fyrir tilstuðlan svokallaðs ættarmóts (e. *family resemblance*) sem má skilja sem líkindi og ólíkindi þeirra á milli. Þó verður að gæta þess að skilja þetta ekki sem eðli *allra* leikja því hér er ekki um að ræða eina allsherjarreglu heldur samansafn sameiginlegra reglna sem eru sameiginlegar milli sumra leikja en ekki annarra. Þetta þýðir að leikir af sömu tegund (t.d. borðleikir) hafa ákveðin líkindi sín á milli sem og ólíkindi, þ.e. sumir leikir hafa sameiginlegar reglur en aðrir ekki. Þessi líkindi og ólíkindi eru líka á mismunandi tegunda leikja. Til dæmis mætti finna sameiginlegar reglur á milli borðleikja og boltaleikja. Það hafa ekki allir leikir eitthvað sameiginlegt en allir eiga þeir þó eitthvað sameiginlegt með einhverjum öðrum leikjum. Þetta er ástæðan fyrir því að ekki er hægt af finna neinn einn eiginleika sem einkennir alla leiki og á sama hátt er ekki hægt finna neitt eitt eðli tungumálsins þar sem það breytist eftir því hvaða málleikir eru í tafla.⁴² Þetta gerir það að verkum að merking orða er aldrei alveg algild né verður merking algjörlega afstæð þar sem orð hafa alltaf samhengisbundna merkingu í þeim orðaleik sem spilaður er. Þetta er gott að skilja út frá dæminu um fimm epli þar sem fimm epli þýða alltaf eitthvað en hvað nákvæmlega þess orð þýða veltur á samhenginu. Þar

⁴⁰ Sama heimild, 14.

⁴¹ Sama heimild, 32.

⁴² Sama heimild, 39.

afleiðandi er hægt að gefa sér að orð þýða eitthvað en sú merking er ekki algild og þau geta ekki bara þýtt hvað sem er vegna þess merkingin er háð umhverfinu.⁴³

Til dæmis hefur málleikurinn að skipa fyrir ekki sömu reglur og málleikurinn að svara spurningu. Þannig hefur setningin „fimm epli“ ekki sömu merkingu þegar maður notar hana til að skipa öðrum manni að láta sig fá fimm epli og þegar maður svarar spurningunni „hvað áttu mörg epli?“ með svarinu „fimm epli“.

Wittgenstein gengur út frá því að til þess að geta tekið þátt í málleik verður sá sem tekur þátt í málleiknum að vera sérfræðingur í tungumálinu. Það er vegna þess að til þess að geta skilgreint orðin í samræmi við þann málleik sem er spilaður þarf spilarinn að hafa færni í því að spila leikinn.

3.2 Einkamálsrökin

Einkamálsrökin snúast um að tilfinningar og hugsun eru ekki óháð tungumálinu heldur er tungumálið einskonar mælikvarði fyrir bæði fyrir tjáningu á tilfinningum og hugsun. Þetta setur tungumál í forgang fram yfir hugsun og dregur í efa þá staðhæfingu að að tungumálið sé aðeins tjáning á hugsun. Möguleikinn á hugsun er vissulega til staðar en hann verður aðeins virkur fyrir tilstuðlan tungumálsins. Þetta má skilja út frá eftirfarandi staðhæfingu Wittgensteins: „Setningin „tilfinningar eru einkamál“ er sambærileg við „Maður spilar kapal einsamall.““⁴⁴ Þó að hægt sé að spila kapal einsamall þá gerir það enginn án þess að læra reglurnar. Á sama hátt er málleikur háður reglum og til þess að geta spilað hann þarf að kunna reglurnar. Reglurnar eru ekki sjálfsprottgar vegna þess að þær lærast með notkun.⁴⁵

Í þessari staðhæfingu er Wittgenstein að benda á að einkamálleikur er háður reglum á sama hátt og leikur fyrir einn er háður reglum. Wittgenstein notar tilfinningarnar sem dæmi vegna þess að tilfinningar eru eitthvað sem við höfum frá náttúrunnar hendi en til þess tjá þær á merkingarbæran hátt þurfa hugtökin að vera nákvæm. Vissulega er hægt að tjá tilfinningar sínar með því að gefa frá sér hljóð en slík tjáning gerir okkur ekki kleift að fá innsýn í líðan þess sem tjáir sig heldur gefur aðeins vísbendingu um líðan hans. Til þess að geta tjáð sitt innra ástand þarf einhverskonar ytri mælikvarða (e. *criteria*). Þessi mælikvarði er ekki eins og kvarði

⁴³ Wittgenstein, *Philosophical Investigations*.

⁴⁴ Sama heimild, 90.

⁴⁵ Sama heimild, 94.

á mælanlegar stærðir heldur kvarði sem segir til um hvort það sem er tjáð sé rétt eða rangt. Þessi mælikvarði er til staðar í málleikjum fyrir tilstuðlan leikreglanna.

Rökfærslan fyrir nauðsyn þessa mælikvarða er á þessa leið. Maður sest niður og vill halda dagbók yfir tilfinningar sínar. Hann skrifar S í dagbókina sem er til merkis um ákveðna tilfinningu sem hann finnur á því ákveðna augnabliki í samræmi við sína eigin samhengis skilgreiningu. Nokkrum dögum síðar sest hann aftur niður og skrifar S yfir sama tilfinningalega ástand, þetta endurtekur maðurinn til að styrja tenginguna á milli táknsins S og tilfinningalega ástandsins. Þó að maðurinn nái að styrkja tenginguna á milli S og tilfinningalega ástandsins þá er ekki hægt útskýra S nákvæmlega. Þetta er vegna þess að til þess að útskýra S fyrir einhverjum öðrum en honum sjálfum þá verður maðurinn að gefa upp samhengis skilgreininguna sína. Gallinn er sá að utan aðkomandi aðili hefur enga leið til að sannreyna þessa skilgreiningu. Þetta verður til þess að dagbókarritarinn getur sagt hvað sem er og því verður S að merkingarleysu fyrir utan aðkomandi aðilan. Til þess að geta komið sér saman um merkingu S þurfa þessir tveir einstaklingar því að koma sér saman um ákveðin grunnatriði (er þessi tilfinning góð eða slæm, undir hvaða aðstæðum kemur hún fram o.s.v.frv.) Þetta verður til þess að til verður sameiginlegur mælikvarði á merkingu orðanna.⁴⁶

Ef ekki er hægt að tjá sig og gera sig skiljanlegan nema hafa einhverskonar utanaðkomandi mælikvarða til að gera innri tilfinningarnar skiljanlegar þá eru engar forsendur fyrir svokölluðu rökréttu einkamáli sem heimspekin hefur svo lengi reitt sig á og kallað hugsun. Höfnun á möguleikanum á einkamáli er því að neita því að til sé sá fasti punktur sem Descartes fann í setningunni „cogito ergo sum“, eða því að setja tungumálið sem skilyrði fyrir hugsun. Ef utanaðkomandi mælikvarði er nauðsynleg forsenda fyrir hugsun þá er líka hægt að draga þá ályktun að tungumálið og þar með hugsunin sé ekki sjálfsprottin heldur háð utanaðkomandi áhrifum.

3.3 Hlutverk hversdagsmálsins hjá Wittgenstein

.Í *Heimspekilegum rannsóknum* leitast Wittgenstein við að sýna fram á hvernig heimspekin byrgir okkur sýn og flækir viðfangsefni sín fyrir tilstuðlan misnotkunar á tungumálinu. Þetta leiðir til þess að svokallaðar heimspekilegar rannsóknir eru rannsóknir á staðhæfingum (e. *propositions*) eða rannsóknir á tungumálinu en ekki rannsóknir á fyrirbærunum sem

⁴⁶ Sama heimild, 93.

heimspekin segist vera að rannsaka.⁴⁷ Þetta verður best skilið út frá heimspekingum eins og Heidegger sem búa til orð til lýsa fyrirbærunum sem þeir eru að reyna að fjalla um. Þessi orð verða svo flókin að ekki er hægt að skilja þau með góðu móti þó við höfum viðamikla reynslu af fyrirbærum sem þau eru að lýsa. Dæmi um þetta er hugtakið vera-við-höndina sem í íslensku hversdagsmáli mætti einfaldlega kalla notagildi hlutar. Til að losna undan þessum misskilningi er leið Wittgensteins sú að skýra tungumálið og það gerist aðeins í gegnum hversdagslega notkun þess í viðeigandi málleikjum. Þetta veldur því að orðin fá merkingu innan tungmálsins.⁴⁸

Wittgenstein gagnrýnir heimspekina einnig fyrir að hana skorti veruleikatengingu. Þetta lýsir sér í því að til þess að geta búið til sem merkingarbærastar kenningar á heimspekin það til að setja upp málleiki, þ.e. búa til reglur um notkun hugtaka innan þeirrar ákveðnu hefðar heimspekinnar sem við á. Við þetta verður til svokallað ídeal-tungumál sem hentar vel fyrir ídeal-heim en ekki fyrir hversdagslega heiminn sem við búum í.⁴⁹ Þetta verður til þess, í fyrsta lagi, að heimspekin missir tengingu sína við raunveruleikann, og í öðru lagi býr hún til heimspekileg vandamál og færir þau yfir í raunveruleikann sem raunveruleg vandamál. Þetta gæti átt við um heimspeki Heideggers í *Veru og tíma* þar sem Heidegger virðist leitast við að taka hugtök og endurskilgreina þau út frá þeirri heimspeki sem hann er að reyna setja fram. Til að mynda gagnrýndi Carnap Heidegger á þessum forsendum, þ.e. fyrir að setja fram vandamál sem er í rauninni ekki vandamál og leysa það síðan og gera þannig í rauninni ekki neitt af viti.⁵⁰

Þegar Wittgenstein talar um hversdagsmálið er hann að tala um málleiki sem beita tungumálinu eins og því á að vera beitt. Hversdagsmálleikur hefur skýran tilgang og er háður regluverki. Út frá þessu regluverki fá orðin merkingu sína sem gerir tungumálið skiljanlegt fyrir notandann. Heimspekin hefur aftur á móti hvorki skýran tilgang né regluverk og endar því á því að tala út frá merkingarlausum hugtökum. Vegna þess að heimspekin gerir sér ekki grein fyrir þessu vandamáli endar hún í skilgreiningarvanda sem er málfræðilegur þ.e.a.s. hún fer að berjast á móti tungumálinu í því skyni að reyna að skýra hugsun sína í staðinn fyrir að nota hugtök sem eru nú þegar skýr í þeim málleikjum sem fyrir eru. Vegna þessa festist heimspekin

⁴⁷ Sama heimild, 50.

⁴⁸ Sama heimild, 14.

⁴⁹ Sama heimild, 38.

⁵⁰ Anderson, „Rudolf Carnap’s Pseudoproblems in Philosophy“.

í yfirborðskenndum hártogunum um hugtök og hugtakanotkun og verður að ómarkvissri rannsókn á tungumálinu. Þegar Wittgenstein talar um heimspeki er hann helst að tala um frumspeki. Þetta endurspeglast í því að Wittgenstein vill ljá orðunum merkingu „með því að draga orðin til baka úr hinu frumspekilega til hversdagslegar notkunar“.⁵¹ Þessi gagnrýni verður best skilin með því að taka hversdagsleg dæmi um skilning manns á heimspekinni.

Dæmi 1: Ég er spurður að því hvað heimspeki sé. Ég get svarað á þá leið að hún snúist um allt sem tengist mannlegri tilvist, breytni mannsins, hegðun hans innan samfélagsins og svo framvegis. En um leið og ég segi að heimspeki snúist um allt er ég í rauninni að segja að heimspekin snúist ekki um neitt sérstakt. Ef ég færi hina leiðina og myndi segja að heimspekin væri regnhlífarhugtak yfir margar minni greinar eins og þekkingarfræði sem snýst um hvernig við öðlumst þekkingu, siðfræði sem snýst um breytni manna og frumspeki sem snýst um heiminn og forsendur skilnings okkar á honum, þá lendi ég í vandræðum ef viðmælandi minn spyr að því hvað ákveðin undirgrein snúist um. Segjum sem svo að ég sé spurður að því um hvað siðfræði snúist. Þá væri réttast að útskýra í stuttu máli eina kenningu um siðfræði til að veita innsýn í siðfræðina og viðfangsefni hennar. Ég gæti þá nefnt nytjastefnu Johns Stuarts Mill og talað um að hann gangi út frá hámarkshamingjunni til að útskýra hvað sé rétt breytni. Hér lendi ég strax í skilgreiningarvanda þar sem viðmælandi minn gæti spurt hvað rétt breytni eða hámarkshamingja sé. Ég gæti vissulega varpað fram skilgreiningum á hugtökunum, eins og að rétt breytni sé að gera það sem er rétt, drepa ekki og svo framvegis, sem vísar í málleiki sem viðmælandi minn tekur reglulega þátt í og getur skilið út frá því. Hámarkshamingjan hefur á hinn bóginn ekki sömu merkingu og hversdagsleg merking hugtaksins og því þyrfti ég að skilgreina hugtakið fyrir viðmælanda minn til að skýra út hvað siðfræði snýst um. Þetta leiðir til þess að ég leiði viðmælanda minn alltaf lengra og lengra frá hversdagslegum skilningi hans á hugtökum. Þetta gæti ruglað skilning viðmælandans á orðinu hamingju og er þess vegna ekki hentugt til að bæta skilning heldur gerir merkingu orðana óskýrari. Fari ég aftur á móti hversdagslega að hlutunum og spyrji viðmælanda minn hvernig sé í nýju vinnunni hans og hann svarar: „Það er bara endalaus hamingja“, þá get ég gert mér í hugarlund hvað hann á við án þess að fara að biðja hann að skilgreina hugtakið hamingju til þess að vita hvað við erum að tala um.

⁵¹ Wittgenstein, *Philosophical Investigations*, 48.

Wittgenstein er því líkt og Heidegger með skýra sýn á „réttu“ notkun á tungumálinu. Rétt notkun tungmálsins felst í því að beita því orðunum í viðeigandi málleikjum til þess að auka skilning á merkingu orðana, og þar með er skerpt á verkfærum hugsunarinnar.

Séu rökfærsla Wittgenstein um hversdagsmálið og rökfærsla hans um einkamálið færðar saman kemur í ljós að Wittgenstein er í raun að setja hversdagstungumálið sem forsendu hugsunar. Þetta eitt og sér gerir það að verkum að heimspekin verður að ástandi sem líkist *das Man* hjá Heidegger, þ.e. hún heldur okkur frá möguleikanum á að gera tungumálið merkingarbært. Af þessu má ráða að hlutverk hversdagstungumálsins í heimspeki Wittgensteins og Heideggers er gjörólíkt og er jafnvel hægt að segja að það sé hafi andstæðu hlutverki að gegna. Í *Rannsóknnum* Wittgensteins er hversdagsmálið leið til þess að ljá tungumálinu eiginlega merkingu á meðan Heidegger telur að hversdagstungumálið haldi okkur fönngnum í viðjum merkingarleysu. Dæmið er þó mun flóknara en svo að sé hægt að setja það upp í formi einfaldrar tvíhyggju og því mun síðasti hluti þessarar ritgerðar vera tileinkaður samanburði á þessum tveim sjónarhornum á hversdagsmálið.

4 Samanburður á Heidegger og Wittgenstein

Kenningarnar sem koma fram í *Veru og tíma* eru alls ekki skrifaðar sem málspeki heldur hefur tungumálið aðeins hlutverki að gegna í stærri kenningu. Þrátt fyrir þetta tekur Heidegger skýra afstöðu til myndunar tungumálsins, forsendna þess og hlutverks fyrir þarveruna. Þess vegna má líta á hluta kenningarinnar í *Veru og tíma* sem málspekilegar. Þar sem Heidegger tekur afstöðu til málspekinnar er vel við hæfi að bera hana saman við eiginlegan málspeking og því hefur Ludwig Wittgenstein hér verið valinn til samanburðar. Afstaða Heideggers er þónokkuð frábrugðin kenningu Wittgensteins þar sem Wittgenstein skrifar *Heimspekilegar rannsóknir* sem hreina málspekibók en bókin markar tímamót í afstöðu Wittgensteins til tungumálsins og mætti kalla hana heildrænni nálgun á tungumálið heldur en í kenningu hans í *Tractatus Logico-Philosophicus* sem takmarkar tungumálið við þekkjanleika viðfanga þess.

Heidegger og Wittgenstein eiga það því sameiginlegt að reyna heildræna nálgun á viðföng sín í *Veru og tíma* og *Heimspekilegum rannsóknum*. Þrátt fyrir heildræna nálgun þeirra beggja á viðfangsefni sín er þónokkuð sem ber á milli. Þar ber helst að nefna myndun tungumálsins og hlutverk hversdagsmálsins. Þó sammælast þeir um ákveðna punkta. Til dæmis mætti nefna gagnrýni þeirra beggja á Descartes, þar sem báðir afneita *cogito ergo sum* þ.e. afneita að cogitóið sé nógu traustur grunnur til að byggja á. Wittgenstein vill setja tungumálið inn sem forsendu fyrir hugsun Descartes þ.e. ég er af því ég hugsa en ég hugsa af því ég tala. Heidegger á hinn bóginn afneitar Descartes algjörlega með því að segja að hugsun sé ófullnægjandi forsenda fyrir tilvist en aftur á móti hugsar ekkert nema það sé til. Af því leiðir að trausti grunnurinn sem best er að byggja á er tilvistin sjálf og hugsunin er afleiðing hennar.

Áhugavert er að bera saman hverjar forsendur heimspekinganna tveggja eru fyrir tungumálinu. Heidegger leggur skilning og aðstæðutilfinningu til grundvallar en Wittgenstein leggur tungumálafærni til grundvallar, þ.e. maður þarf að hafa náð góðum tökum á tungumálinu svo hann geti talað það og skilið. Þetta þýðir að maður þarf að hafa fyrirframþekkingu og fyrirframfærni til að geta yfirhöfuð spilað málleiki. Þessi fyrirframfærni og þekking eru ekki ósvipuð fyrirfram-uppbyggingu skilnings hjá Heidegger. Því gæti verið áhugavert að spyrja hvort Wittgenstein aðhyllist í raun túlkunarhring Heideggers eður ei.

Þó að Wittgenstein noti ekki orðin möguleika og fall frá möguleika eða misnotkun á möguleika má lesa það út úr kenningu hans að hann sé að áréttu þann möguleika sem er falinn í

tungumálinu. Hægt er að tala um þetta sem möguleika mannsins á merkingarbærum samskiptum. En eins og hjá Heidegger eru hindranir í vegi möguleikans. Hindranirnar eru misnotkun á tungumálinu sem felst í því að nota orð í málleikjum þar sem reglurnar eru ekki skýrar og að nota orð í málleikjum þar sem þau eiga ekki við. Markmið Wittgensteins er því að reyna að beina tungumálanotandanum í átt að möguleikanum með notkun hversdagsmálsins og tryggja að hann falli ekki í þá gildru að festast í merkingarleysu heimspekinnar.

Heidegger leggur einnig mikið upp úr möguleikahugtakinu, en möguleiki Heideggers er möguleiki þarverunnar til veru en ekki aðeins möguleiki tungumálsins. Möguleiki þarverunnar til veru er mun breiðara hugtak en sá möguleiki sem Wittgenstein ýjar að. Engu að síður hefur tungumálið eða öllu heldur gallar tungumálsins mikið að segja um hvernig þarveran fellur og firrist frá möguleika. Þarveran fellur frá möguleika til veru vegna þess að í hversdagsmáli slitna tengslin milli veru-við-höndina og veru-fyrir-hendi og endar tungumálið sem samansafn veru-fyrir-hendi-eiginleika sem gerir það að verkum að tungumálið missir tengslin við veruna og þar með raunveruleikann. Því mætti segja að misnotkun verunnar hjá Heidegger sé fyrir sakir tungumálsins þ.e. fyrir tilstuðlan hversdagsmálsins.

Því mætti segja að báðir heimspekingarnir stefni að því að nýta möguleika til að gera heiminn skiljanlegan en eru ósammála um hvernig eigi að ná því markmiði.

Báðir heimspekingarnir líta svo á að skilningur komi í gegnum notkun. Skoðanir Heideggers og Wittgensteins á skilning sem notkun eru langt frá því að vera eins þar sem Heidegger telur að merkingin komi í gegnum notkun orða í samræmi við veruna en Wittgenstein telur nóg að merking komi í samræmi við notkun innan viðeigandi málleiks. Þetta verður til þess að hugtakið merking fær tvær mismunandi skilgreiningar sem eru ekki samræmanlegar. Hjá Heidegger þýðir merking að tengsl séu á milli veru-við-höndina og veru-fyrir-hendi, þ.e. orðið tengist notkunareiginleikum sínum en hjá Wittgenstein þýðir merking aðeins að geta fengið samhengislega skilgreiningu í samræmi við málleik. Þetta gerir það að verkum að merking orða hjá Wittgenstein er ekki nauðsynlega tengd fyrirbærum heldur er nóg að þau séu rétt notuð innan málleikja. Því gerir Wittgenstein minni kröfur til tungumálsins heldur en Heidegger, sem gerir kröfur sem tungumálið getur ekki mögulega staðið undir og undirstrikar um leið það vandamál sem Wittgenstein er að reyna að leysa sem er að vegna ófullkomleika tungumálsins er ekki hægt að gera meiri kröfur til þess en þær að tungumálið sjálft hafi merkingu. Báðir heimspekingarnir virðast þó gera sér grein fyrir þessum ófullkomleika en Heidegger virðist

telja það forsendu til að afneita tungumálinu, þ.e. hversdagsmálinu, en Wittgenstein telur hversdagsmálið aftur á móti geta haft merkingu sökum ófullkomleikans.

4.1 Hversdagsmálið

Wittgenstein heldur því fram að tungumálið öðlist merkingu sína í hversdagslegri notkun. Þetta byggir hann á því að merking orðanna sé samhengisbundin. Samhengi fá orðin í svokölluðum málleikjum. Eins og Heidegger þá telur Wittgenstein að hægt sé að beita tungumálinu á rangan hátt. Þessi misbeiting á tungumálinu felst í því að nota orðin ekki í viðeigandi málleikjum. Þetta má skilja á þann hátt að sé orð tekið úr samhengi sínu og notað á sviði þar sem það á ekki við þá missi það merkingu sína. Dæmi um þetta er orðið trú. Í kristnum málleik hefur orðið ákveðna þýðingu en þegar heimspekingarnir komast í það er það sundurgreint á ýmsa vegu þangað til útilokað verður að skilja hvað heimspekingur á við þegar hann notar orðið trú. Merkingin getur verið þekkingarfræðileg, í anda Williams James, eða jafnvel fyrirbærafræðileg. Þetta gerir hugtakið óskiljanlegt og erfitt viðfangs. Til þess að gera hugtakið skiljanlegt og draga það aftur úr hinu frumspekilega þá þarf að nota það á réttan hátt í viðeigandi málleik. Þetta felur í sér hversdagslega notkun hugtaka. Hægt er að skilja þetta á tvo vegu, annarsvegar að orðið fái merkingu sína með hversdagslegri notkun í viðeigandi málleik og hinsvegar að orð geti haft mismunandi merkingu innan mismunandi málleikja hversdagsleikans. Þetta felur í sér ákveðið afstæði um merkingu orða og útilokar algjöra merkingu orðanna nema innan ákveðins málleiks. Með tungutaki Heideggers í *Veru og tíma* væri hægt að segja að orðin þarfnist aðeins veru-fyrir-hendi og öðlist tengsl við veru-við-höndina í samræmi við þær reglur þess málleiks sem er spilaður um leið og þau eru notuð. Heidegger er aftur á móti á þeirri skoðun að tungumálið fái merkingu sína svo framarlega sem vera-við-höndina er tengd veru-fyrir-hendi, þ.e. lýsandi orð tengist notkunareiginleikum sínum. Það stuðlar að því að þarveran öðlast möguleika-til-veru í gegnum skilninginn svo framarlega sem þetta ferli er eiginlegt. Gallinn er sá að þarveran lærir tungumálið ekki á eiginlegum forsendum heldur í gegnum *das Man* sem verður til þess að tungumálið sjálft er ekki þarverunnar. Þarveran er því fallin svo framarlega sem hún styður sig við tungumálið og fyrir sakir þess að náttúrlega ástand hennar er angist vegna þess að henni er varpað inn í heiminn án þes að hún hafi nokkuð um það að segja eða hafi nokkra stjórn á því. En þar sem þetta ástand er aðeins að finna í *das Man* endar þarveran á því að missa algjörlega sjónar á möguleika-til-veru og verður firrt í framhaldinu. Þarveran er þó ekki dæmd til glötunar

hversdagsins heldur getur hún leitast við að taka málin í sínar hendur og tileinka sér skilning gegnum umhyggju. Umhyggjan felst í því að láta sig tilvistarskilyrði sín og umhverfisins varða og túlka hlutina upp á eigin spýtur í stað þess að þiggja skilgreiningu þeirra frá *das Man*. Úr þessu má lesa að hversdagtungumálið er einungis leið til falls og firringar og virðist ekki vera neinum til góðs.

Af þessu sést að hversdagsmálið hefur mjög ólíkt hlutverk hjá Heidegger og Wittgenstein. Ef hversdagsmáli Wittgenstein væri komið fyrir innan kenningar Heideggers væri það staðsett í *das Man* sem myndi þýða að þarveran væri vissulega bundin af *das Man* en gæti nýtt sér alla þá möguleika sem tungumálið býður uppá innan þess ramma. Kenning Heideggers myndi aftur á móti ekki rúmast innan kenningar Wittgenstein nema sem merkingarlaus heimspeki sem býr til ídeal-heimsmynd sem reynir að búa til ídeal-tungumál sem endar svo í endalausri skilgreiningarflækju og á endanum merkingarleysi. Þetta fyrirmyndartungumál nær í fyrsta lagi ekki utan um raunveruleikann þó það reyni það vissulega og afbakar jafnvel á endanum þann skilning sem við hefðum á því hvað er að vera til. Það er vissulega óvægið að segja að Wittgenstein myndi afskrifa Heidegger sökum þess að heimspeki Heideggers ber merki þess sem Wittgenstein myndi kalla „hið frumspekilega“ þó að vissulega sé Heidegger að reyna að stíga út fyrir frumspeki og inn á svið fyrirbærafræði. Það verður einnig að taka fram að þótt málspekikaflar *Veru og tíma* standist mögulega ekki skilyrði Wittgensteins í *Heimspekilegum rannsóknum* þá ætti alls ekki að afskrifa hana í heild einungis vegna þess að hún er óskiljanleg fyrir hversdagsmálið. Öllu frekar ætti að reyna tjá hugmyndir hennar í viðeigandi málleikjum og það væri ekkert því til fyrirstöðu að gera það á því formi sem Heidegger vill helst að við notum til að sleppa út úr hversdagsleikanum, þ.e. ljóðlist. Ef Wittgenstein myndi samþykkja það þá gæti fyrirbærafræðileg verufræði mögulega farið fram í bundnu máli.

5 Niðurstöður

Lagt var upp með því að skilja og skýra hversdagsmálið í Heimspeki Heideggers og Wittgensteins. Heidegger telur hversdagsmálið grundvöll falls og fíringar þarverunnar fyrir þær sakir að hversdagmálið stuðlar að því að þarveran sér ekki lengur tengslin á milli veru-fyrir-hendi og veru-við-höndina. Vegna þessara tengslarofs verður hversdagsmálið að innantómu þvaðri. Því mætti segja að hversdagsmálið sé engum til góðs en samt sem áður nauðsynlegur hluti tilvistar þarverunnar og því vandamál sem ekki er hægt að leysa. Wittgenstein sem er mun jákvæðari gagnvart hversdagsmálinu og telur það vera þann vettvang sem er best fallinn til þess að gera tungumálið merkingarbært. Hann er á þeirri skoðun að tungumálið öðlist merkingu sína í gegnum svokallaðar samhengisbundnar skilgreiningar sem eru skilgreiningar í samhengi við reglur málleikja. Þetta felur í sér að rétt notkun á tungumálinu er að beita því á hversdagslegan hátt. Aftur á móti telur hann tungumálið missa merkingu sína sé það ekki notað í hversdagsleikanum eða með því að taka orðinn úr samhengi og nota þau í leikjum sem þau eiga ekki við eða búa til reglur svokallaðra ídeal-tungumála sem virka vel fræðilega séð en eru aftur á móti ekki í samræmi við raunveruleikann.

Samanburðurinn leiddi í ljós að þó að Heidegger og Wittgenstein komist að mismunandi niðurstöðu þegar kemur að hversdagsmálinu þá eru þeir sammála um ákveðin atriði, t.d. að *cogito* Descartes sé ekki góður grundvöllur fyrir tilvist mannsins. Að sama skapi virðast þeir báðir vera að reyna að komast útúr hinu frumspekilega, Wittgenstein með því að leita í hversdagsmálið og Heidegger með því að leita í fyrirbærafræðina. Einnig eru þeir sammála um að til þess að geta skilið hið talaða mál þurfi sá sem tjáir sig að hafa fyrirframskilning á því sem um er rætt. Í ljós kom einnig að það sem beinir þeim á endanum í sitthvora áttina er mismunandi skilningur á hugtakinu merking. Heidegger telur merkingu koma með eiginlegum skilningi þarverunnar á heiminum fyrir tilstuðlan sterkra tengsla á milli veru-fyrir-hendi og veru-við-höndina. Wittgenstein telur aftur á móti tengslin við heiminn ekki vera meginatriði og að merking eigi við um merkingu innan tungumálsins. Vissulega telur Wittgenstein að tungumálið eigi að vera í tengslum við raunveruleikann en bara upp að því marki sem það er á færi tungumálsins að útskýra hlutina.

Því er lokaniðurstaðan sú að heimspekingarnir séu í raun bæði sammála og ósammála. Erfitt er að segja að til um hvert hlutverk hversdagsmálsins er í raun og veru. Umfjöllunin í þessari

ritgerð bendir þó til þess að það sé ekki líklegt til árangurs að nálgast hversdagsmálið annaðhvort sem bjargráð eða fordæma það sem einhverskonar leið til glötunar. Hér eins og stundum áður kann millileiðin að vera heppilegri. Hver sú millileið er, er aftur á móti rannsóknarefni annarrar ritgerðar.

6 Heimildaskrá

- Anderson, Katrina. „Rudolf Carnap’s Pseudoproblems in Philosophy: The Case For Philosophy as Science“. *Macalester Journal of Philosophy* 5:1 (2010). <http://digitalcommons.macalester.edu/philo/vol5/iss1/2>.
- Aristotle. *Metaphysics*. Þýð. Richard Hope. Ann Arbor: The University of Michigan Press, 1952.
- Heidegger, Martin. *Being and Time*. Þýð. John Macquarrie og Edward Robinson. Oxford: Basil Blackwell, 1980.
- Íslensk orðabók, snara.is.
- Kant, Immanuel. *Critique of pure reason*. Þýð. Norman Kemp Smith. London: The Macmillan Press Ltd., 1973.
- Wittgenstein, Ludwig. *Philosophical Investigations*. Þýð. G.E.M. Anscombe. New York: Macmillan Publishing co., Inc., 1958.